

**Mál nr. 119/2008**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á þjóðvegi nr. 925, Hróarstunguvegi, þann 27.12.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 18.6.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.7.2008, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 7.7.2008, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið austur Hróarstunguveg og snjóruðningsbifreiðinni B var ekið til vesturs eftir sama vegi. Er bifreiðirnar mættust mun snjótönn framan á B hafa rekist í afturhjól A. Við það hafnaði afturhluti A utan vegar. Kófbylur var þegar áreksturinn varð.

Eftir báðum öikumönnum er haft að þeir hafi séð til hinnar bifreiðarinnar fyrir áreksturinn og þeir hafi vikið eins langt til hliðar og unnt var.

Í sérstakri greinargerð ökumanns A segir að hann hafi ekið á vegkantinum alveg við vegstikur. Fannst honum að B hafi leitað mjög í áttina að A, þ.e. yfir miðju vegarins.

Í skýrslu D, sem beðinn var að koma á vettvang til aðstoðar ökumanni A og eiginkonu hans, segir að í vegkantinum hafi verið för eftir A, þar sem henni hafi fyrst verið ekið alveg út í brún burðarlags vegarins en síðan út af því um 20 m frá þeim stað, þar sem A stöðvaðist, og út á vegöxlina og hafi förin legið í brúninni að þeim stað þar sem bifreiðin staðnæmdist.

**Álit.**

Báðar bifreiðir munu hafa verið á ferð er áreksturinn varð. Tildrög árekstursins eru mjög óljós og ekki verður af gögnum málsins ráðið með neinni vissu hvar bifreiðirnar voru á veginum þegar þær rákust saman. Skýrsla D getur í þeim efnum engu breytt. Er því ósannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ekki hjá því komist að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.